**Til: Sveitastjórn Langanesbyggðar**

**Efni: Rekstur HSÞ – endurnýjun samnings**

Ágæta sveitastjórn

Nú líður að lokum rekstrarárs Héraðssambands Þingeyinga (HSÞ) og sömuleiðis gildistíma rekstarsamnings sveitarfélagins við HSÞ. Af því tilefni óskum við eftir nýjum samningi við sveitarfélagið. Stjórn HSÞ óskar eftir fundi með sveitarstjórninni til þess að fara yfir málefni sambandsins og drög að nýjum samningi.

HSÞ gegnir lagalegri skyldu innan íþróttahreyfingarinnar (5.gr. Íþróttalaga 1998[1], 2.gr. og 46. gr. laga Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands[2]). Íþrótta- og ungmennafélög geta ekki orðið aðilar að íþróttahreyfingunni án þess að fá tilheyra íþróttahéraði[1, 2, 3]. Verkefni skrifstofu HSÞ hefur þróast samhliða þeim breytingum sem átt hafa sér stað í samfélaginu á sl. örfáum árum. Má þar síðast nefna tilkomu laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna en skv. 1. lið 2.gr. laganna er allt skipulagt starf íþróttafélaga hluti af almennri þjónustu í þágu farsældar barns[4]. Framkvæmdastjóri HSÞ hefur hluta af ári 2026 tekið sæti sem varamaður í farsældarráði norðurlands eystra fyrir hönd íþróttahreyfingarinnar.

Á undanförnum árum hefur breyting á úthlutunarreglum ÍSÍ og UMFÍ á lottótekjum komið niður á tekjuliðum HSÞ og aðildarfélaga innan þess. Þegar bornar eru saman greiðslur fyrri hluta árs 2022 og 2026 hafa lottótekjur dregist saman um **28%**. Samkvæmt núverandi úthlutunarreglum HSÞ er 75% af heildarlottótekjum úthlutað til aðildarfélaga en með bættum rekstrarsamningum við sveitarfélög verður hægt að hækka hlutfall lottótekna til félaganna. Það er ósk stjórnar HSÞ að skrifa undir nýjan rekstrarsamning við sveitarfélagið, hann verði hækkaður til samræmis við íbúafjöldahlutall sveitarfélagsins innan héraðssambandsins og standi þar með undir launa- og skrifstofukostnaði HSÞ og þeirra verkefna sem þar falla undir.

Hjálögð er nýjasta ársskýrsla sambandsins en þar er m.a. að finna ársreikning síðasta árs. Einnig er hjálögð kynning á sambandinu sem okkur langar til að fara yfir með fulltrúum sveitarfélagsins vegna nýrra samningsdraga. Reikningur vegna rekstrarsamnings 2026 skv. samningi fylgir einnig með – með þökk fyrir stuðninginn.

Virðingarfyllst,

Ísak Már Aðalsteinsson
framkvæmdastjóri HSÞ

[1] Íþróttalög nr. 64, 1998. Sótt af https://www.althingi.is/lagas/nuna/1998064.html

[2] Lög Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands. Sótt af https://www.isi.is/library/Skrar/Efnisveita/Log-og-reglugerdir/L%c3%b6g%20%c3%8dS%c3%8d%202023.pdf

[3] Lög Ungmennafélags Íslands. Sótt af https://www.umfi.is/umfi/loeg-og-reglugerdir/loeg/

[4] Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86, 2021. Sótt af https://www.althingi.is/altext/151/s/1723.html

Til upplýsinga (Úr kynningu):

Meðal úthlutun á lottógreiðslum til HSÞ má sjá hér:

| | 2024 | 2024 Q1&Q2 | Nú | |
|---|---|---|---|---|
| Meðal mánaðarúthlutun UMFÍ jan-jún | 21.243.395 kr | 684.037 kr | 286.206 kr | |
| Meðal mánaðarúthlutun ÍSÍ jan-jún | 35.779.569 kr | 415.043 kr | 506.379 kr | |
| UMFÍ | | 3,22% | 1,36% | |
| ÍSÍ | | 1,16% | 1,36% | |
| | Samtals | 1.099.080 kr | 792.585 kr | 72% |

Í kynningu má jafnframt sjá tillögu HSÞ að nýrri reiknireglu samninga miðað við íbúahlutfall sveitarfélaganna innan sambandsins. Með nýjum rekstrarsamningum myndast jafnt hlutfall sveitarfélaga miðað við úthlutun á lottótekjum sambandsins(sjá glæru 13 í kynningu).

[1] Íþróttalög nr. 64, 1998. Sótt af https://www.althingi.is/lagas/nuna/1998064.html

[2] Lög Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands. Sótt af https://www.isi.is/library/Skrar/Efnisveita/Log-og-reglugerdir/L%c3%b6g%20%c3%8dS%c3%8d%202023.pdf

[3] Lög Ungmennafélags Íslands. Sótt af https://www.umfi.is/umfi/loeg-og-reglugerdir/loeg/

[4] Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86, 2021. Sótt af https://www.althingi.is/altext/151/s/1723.html